

UNG MENNARÁÐ HEIMSMARKMIÐA SP

2022 - 2023

TILLÖGUR TIL RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

„Við erum ungmennaráð
heimsmarkmiða Sameinuðu
þjóðanna og við kvíðum fyrir
fram tíðinni okkar“.

FLEIRI RADDIR:

- Við heyrðum í ungu fólki sem
þarf að berjast fyrir réttindum
sínunum. Við viljum vekja athygli
af þeirra baráttumálum.

Ungmennaráð Samtakanna '78:
Hinsegin fólk finnur fyrir bakslagi,
við berjumst fyrir því að bæta
kennslu og fræðslu á hinsegin
málefnum og baráttumálum
hinsegin fólks.

Ungmennaráð Þroskahjálpar:
Við viljum inngildinguna þegar kemur
að menntun og atvinnu fyrir fatlað
fólk. Ungmennaráð Þroskahjálpar
vill einnig benda á langa biðlista
eftir íbúðum og búsetuúrræðum
fyrir fatlað fólk

Ungmennaráð Akureyrar:
Við leggjum m.a. áherslu á betri
læknisþjónustu á landsbyggðinni.

Antirasistarnir:
Vettvangurinn vill innleiða
heildstæða fræðslu um rasisma og
fjölbreytileika í alla grunnskóla
landsins. Mikilvægt er að þau sem
tilheyra hópi litaðs fólks sjái um
fræðsluna.

Umhverfis- og loftslagsmál

Eitthvað sem skiptir öllu máli eins og staðan er á jörðinni í dag.

- Vinna að því að lækka vistspor Íslendinga**

Samkvæmt Landvernd er meðal vistspor íbúa á Íslandi um sjö sinnum hærra en það
vistspor sem gerir ráð fyrir sjálfbærni. Það þarf að setja lög og reglugerðir um ábyrga
neyslu og framleiðslu sem hvetur almenning og fyrirtæki að neyta minna.

- Fræðsla um matarsóun og neysluhyggju**

Fræða almenning með það markmið að öll átti sig á vandanum þegar kemur að óhóflegri
neyslu, matarsóun og óþarfa innflutningi.

- Efla Grænan skatt**

Með grænum skatti þurfa fyrirtæki að borga skatt í samræmi við neyslu og mengun.
Græni skatturinn á að virka sem hvetjandi afl til að gera betur en ágóði hans á að fara í
það að styrkja þau verkefni tengd umhverfismálum.

Skóla- og menntamál

Okkur afar mikilvæg þar sem stór hluti af lífinu okkar á sér stað innan veggja skólans.

- Ný, fjölbreyttari og sveigjanlegri aðalnámskrá í samræði við nemendur og kennara.**

Laga og nútímavæða þarf aðalnámskrá grunnskóla, þá bæði breyta hæfniviðmiðum og
gera aðalnámskrána fjölbreyttari. Aðalnámskráin þarf að geta verið sveigjanleg og
einstaklingsmiðuð. Hún er úreld og endurspeglar ekki raunveruleika okkar í dag.

- Sálfræðiþjónusta innan veggja skólans**

Of mörg börn eru á biðlistum eftir sálfræðiþjónustu. Við myndum vilja hafa sálfræðing
starfandi í skólum minnst einu sinni í viku. Mikilvægast er að hann sé menntaður og
aðgengilegur.

- Styðja nýsköpun og sjálfstæðan hugsunarhátt hjá nemendum**

Styrkja nemendur með fræðslu og fjölbreyttum kennsluáðferðum þannig þau geti tekið
upplýstar ákvarðanir. Hvetja nemendur til að skila inn óhefðbundnum og frumlegum
verkefnum sem gerir ráð fyrir þeirri þróun sem er að eiga sér stað í heiminum.

Jafnréttis- og mannréttindamál

Það sem tengir okkur öll saman og gefur okkur tækifæri á að vera við sjálf.

- Veita flóttafólki og innflytjendum aðstoð til að aðlagast nýju samfélagi á Íslandi á
þann hátt og hraða sem hentar þeim best.**

Gera kerfið öruggara fyrir þau og styrkja stofnanir og samtök þannig þau geti hjálpað. Það
þarf líka að leggja áherslu á að koma þessum nýju íbúum í skóla, tómsundur og vinnu.

- Rauði pokinn - tíðarvörur aðgengilegar á sem flesta staði**

Okkur langar, í samstarfi við ykkur, að veita stofnunum styrk til að koma þessu verkefni af
stað. Túrvörur eru nauðsynjavörur sem þurfa að vera til staðar, þá sérstaklega ef einhver
byrjar óvænt á túr eða hefur ekki tök á því að kaupa vörurnar.

- Bæta aðgengi fatlaðs fólks í viðum skilningi að samfélaginu.**

Fatlað fólk á rétt á menntun, starfi, menningu, upplýsingum og þjónustu til jafns við önnur.
Það þarf aukið fjármagn í aðgengismál því ófullnægjanlegt aðgengi jaðarsetur fatlað fólk.

KÆRA RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS,

Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er skipað af tólf ungmennum á aldrinum 13 til 18 ára alls staðar af landinu. Okkar tilgangur er að vekja athygli á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun á meðal jafningja okkur sem og samfélagsins í heild sinni.

Nú eru sjö ár í að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er áætlað að vera náð til þess að framtíð komandi kynslóða geti einfaldlega átt sér stað. Það er löngu orðið tímabært að hætta að fresta nauðsynlegum aðgerðum, hefja framkvæmdir og sýna fram á að ykkur sé treystandi fyrir landinu okkar. Við sem ungmenni höfum aðra sýn og gerum okkur grein fyrir því að heimurinn er að breytast og það þarf að grípa til aðgerða í samræmi við það.

Við erum búin að vinna hörðum höndum og höfum komið okkur saman um málefni sem eru okkar hjartans mál og við sjáum færust til breytinga með mikilvægi þeirra í huga. Þau eru menntamál, umhverfismál og mannréttindi í heild sinni.

Þið sem ríkisstjórn hafið veitt okkur stórt tækifæri til að láta rödd okkar og hugmyndir skína og vonum við að þeim verði fylgt eftir eins og hægt er. Núna hafið þið tillögur okkar í skriflegu formi í höndum ykkar og vonum að þið takið röddum okkar alvarlega.

UNGAR BARÁTTUKVEÐJUR,

Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

28. apríl 2023, Reykjavík

Agnes Elísabet Sindradóttir, Anja Sæberg, Aþena Guðbjörg Baldursdóttir, Bjartur Clausen, Freyja Ágústudóttir, Guðbjörn Sölvi Sigurðarson, Íris Sævarsdóttir, Ómar Azfar Valgerðarson Chattha, Salvör Maríu Árnadóttir, Stefán Karvel Kjartansson, Vigdís Elísabet Bjarnadóttir og Pröstur Flóki Klemensson

